

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Stolt Sea Farm	20.11.2018	Vitabraut 7, Reykjanesi	3
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
610911-0480	01.07.2027	Já	Landeldi, 2000 tonn á ári af senegalflúru til manneldis

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Framleiðsla 2018 í kringum 400-415 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Fiskeldisstöð komin með Global Gap vottun.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Teikning af frárennsli ekki aðgengileg á staðnum.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Síðasta áhættumat og viðbragðsáætlanir síðan 2016 og var þá samþykkt af UST. Gögnin voru hinsvegar ekki aðgengileg á staðnum.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Já

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Er neyðaráætlun til staðar?		X		Neyðaráætlun var samþykkt 2016 af UST en er ekki aðgengileg á staðnum.
-----------------------------	--	---	--	--

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Global Gap vottun.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Niðurstöður eru í ársskýrslu 2017.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Gengið var niður að frárennslis. Enga uppsöfnun var að sjá í fjöruborðinu né óeðlilega lykt.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Engin hreinsun á frárennslis. Það rennur í lokuðum lögnum niður að bunustokk HS orku þar sem það sameinast frárennslis HS orku og þaðan út í sjó.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjá fyrri lið.

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stolt Sea Farm Holdings Stolt Sea Farm Holdings



Dags eftirlits	12.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Frigg Thorlacius
Fyrirtæki	Stolt Sea Farm Holdings	Eftirlitsmaður	Rúnar I Tryggvason
Heimili	Vitabraut 7	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	6109110480	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Arnarsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jorge Fernandez	Staðsetning	N63 49,54 V22 42,56

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirliti. Teikningar af frárennsli, neyðaráætlun og viðbragðsáætlun voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila á staðnum. Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Síðast var farið í eftirlit þann 28.11.2016. Engin frávík komu fram við eftirlitið 2016 og engar ábendingar voru gerðar.

Þrjú frávík voru skráð í eftirlitinu.

Híð fyrsta varðaði gr. 3.2 í starfsleyfi sem fjallar um skráningar. Skv. greininni skal rekstraraðili eiga teikningar af frárennsli og hafa þær aðgengilegar rekstraraðila í eftirliti. Teikning af stöðinni er fyrir hendi en teikningar af frárennsli voru ekki aðgengilegar á staðnum. Rekstraraðili sendi stofnuninni teikningar af frárennsli þann 16. janúar 2018 og telst frávíkinu því lokið.

Annað frávikið varðar gr. 4.4 en skv. henni skal rekstraraðili vera með viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem unnin skal á grundvelli áhættumats og hafa hana aðgengilega fyrir eftirlitsaðila. Síðasta áhættumat og viðbragðsáætlun eru síðan 2016 og voru þá samþykkt af Umhverfisstofnun. Gögnin voru hinsvegar ekki aðgengileg á staðnum.

Þriðja frávikið var frá gr. 4.5 en rekstraraðili skal útbúa neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri. Neyðaráætlun var samþykkt 2016 af Umhverfisstofnun en var ekki aðgengileg á staðnum.

Stöðin og umhverfi hennar var snyrtilegt á að líta.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Gr. 3.2 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal gera teikningar af frárennsli sem skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Teikning af frárennsli var ekki aðgengileg á staðnum. Rekstraraðili sendi stofnuninni teikningar af frárennsli þann 16. janúar 2018 og telst frávíkinu því lokið

Gr. 4.4 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats þar sem taka skal á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær skuli tilkynna Umhverfisstofnun um mengunaróhöpp. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun var ekki aðgengileg á staðnum.

Gr. 4.5 í starfsleyfi.

Útbúa skal neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlun var ekki aðgengileg á staðnum.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

16.01.2019

Frigg Thorlacius

Frigg Thorlacius

